

## GJALDSKRÁ

### fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

#### I. KAFLI

##### **Gildissvið.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Ísafjarðar og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

#### II. KAFLI

##### **Um hafnagjöld.**

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

##### **Lestargjöld.**

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 14,70 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvísvar í mánuði. Undanþegin eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

##### **Bryggjugjöld.**

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 7,30 kr. á mælieiningu fyrir skip að 20.000 brt en 8,76 kr. fyrir skip stærri en 20.000 brt fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggar bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 103,38 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 11.535 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiði þó aldrei lægra gjald en 7.528 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Ísafjarðar, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip sem ekki er í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn eða leggur ekki upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar.

##### **Vörugjöld.**

6. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

- |   |                    |
|---|--------------------|
| 1. flokkur  | 334,56 kr. á tonn. |
| Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, cement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.                                  |                    |
| 2. flokkur  | 566,91 kr. á tonn. |
| Lýsi og fiskimjöl.  |                    |
| 3. flokkur  | 613 kr. á tonn.    |
| a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. |                    |
| b) Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.  |                    |

Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbardar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarts- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

- c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðist eigendur með sama skipi.
- d) Af vörum sem er landað og lestað með strandsiglingum greiðist aðeins helmingur vörugjala í hverjum verðflokki.

4. flokkur 1.545,60 kr. á tonn.

Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

5. flokkur aflagjald 1,58%

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af 0,79% heildarverðmætis aflans skv. d-lið 17. gr. laga nr. 61/2003.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu Íslands. Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt 4. flokki 6.190,80 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum 659 kr.

### **Farþegagjöld.**

7. gr.

Fyrir hvern fullorðinn með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 54 kr.

Fyrir hvert barn með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 27 kr.

Skemmtiferðaskip skulu skila inn farþegalistum minnst einum sólahring fyrir komu en farþegabátar með áætlunarsiglingar til og frá höfnum Ísafjarðarbæjar skila inn gögnum um fjölda farþega mánaðarlega.

### **Siglingavernd (ISPS).**

8. gr.

Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafnverndar 42.793 kr. á komu

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu 5.006 kr. á klst.

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu 8.150 kr. á klst.

### **Pjónustugjaldskrá.**

9. gr.

Rafmagn.

Rafmagnssala 15,76 kr. á kwst.

Rafmagnsmælar fyrir smábáta 53.756 kr.

Rafmagnstenglagjald fyrir flotbryggjur og trébryggjur 3.785 kr.

Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 8.784 kr.

Rafmagnsgjöld breytast án fyrirvara skv. breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

10. gr.  
*Hafnsaga.*

Hafnsögugjald	5,85 kr. á mælieiningu
Hafnsögugjald til og frá höfn	7.030 kr.
Hafnsögugjöld skulu greidd fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi 3.515 kr. fyrir hvert skip, auk 5,85 kr. á mælieiningu (mestu brúttóstærð). Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf hafnsögugjald.	

11. gr.  
*Leigugjöld.*

Leiga á gámaðvöllum, svæði A	90 kr. hver fermetri á mánuði
Leiga á gámaðvöllum, svæði B	54 kr. hver fermetri á mánuði
Leiga á gámaðvöllum, aðstaða við rafmagnsbrunna	179 kr. hver fermetri á mánuði
Leiga í geymsluporti Suðurtanga	84 kr. hver fermetri á mánuði
Hafnarbakkaleiga	289 kr. fyrir tonnið eða m á dag
Leiga á kranalykli	3.550 kr. hvert skipti
Leiga á lyftara m/manni	10.310 kr. á klst.
Leiga á flotgirðingu	9.244 kr. á klst.
Stöðuleyfi vinnuskúra á hafnarsvæði	16.496 kr. m <sup>2</sup> á ári

Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í beinum tengslum við fermingu eða affermingu úr skipum. Gámar og annar varningur skal fjarlægt við fyrsta tækifæri þegar vinnu við skip er lokið en ef því verður ekki viðkomið skal óskað leyfis hjá höfninni.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Einnig er óheimilt að setja eða geyma alls konar varning sem ekki er að koma eða fara í skip á svæði hafnarinnar.

Hafnarstarfsmönnum er heimilt að láta fjarlægja varning þann sem settur er á hafnarsvæðið á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 4.293 á sólarhring sé óskum um hreinsun ekki sinnt.

12. gr.  
*Hafnsögubátur.*

Fyrir hverja byrjaða klst. á innri höfn	21.209 kr.
Fyrir eina ferð með hafnsögumann	21.209 kr.
Fyrir hverja byrjaða klst. utan innri hafnar	44.224 kr.
Fyrir björgun, slef eða aðstoð við skip og báta	skv. samkomulagi SFS/tryggingafélaga

13. gr.  
*Vatnsgjald.*

Vatn fyrir báta undir 15 brt	1.458 kr. á mánuði
Vatn fyrir báta 15-30 brt	2.920 kr. á mánuði
Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt. Lágmarksmagn 15 tonn.	320 kr./m <sup>3</sup>
Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	4.954 kr. fyrir útkall

14. gr.  
*Móttaka skipa.*

Festargjöld fyrir hvern starfsmann í dagvinnu	10.101 kr.
Festargjöld fyrir hvern starfsmann í yfirvinnu	15.316 kr.
Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.	

15. gr.  
*Sorpirðugjöld.*

Móttaka á sorpi ein ferð í Funa	9.296 kr.
Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi skv. gjaldskrá sorpmóttakanda:	
a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal greiða 0,65 kr./grt. gjald sem skal standa undir kostnaði eftirlits umsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald 4.900 kr. og hámarksgjald 43.000 kr.	
b. Úrgangsgjald: Gjald sem er lagt á vegna a-liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð í skipinu þá er lágmarksgjald 4.900 kr. en hámarksgjald 22.000 kr.	
c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða skv. b-lið fyrir firmtu komu og allar komur eftir það.	
d. Skip og bátar sem hafa varanlega viðlegu í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mán-aðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 5.000 kr. á mánuði.	
e. Förgunargjald: Óski skipstjóri eftir að höfnin taki á móti sorpi skal greiðast fast gjald 10.000 kr. fyrir hvern rúmmetra og skal það vera lágmarksgjald. Kjósi skipstjóri eða útgerðarmaður eftir þjónustu viðurkenndis sorpmóttökuaðila þá greiðir hann allan kostnað þar að lútandi og skal skila til hafnarinnar útfylltu eyðublaði um magn og sundurliðun þess úrgangs sem skilað er í land. Misbrestur á þessu getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.	
f. Förgunargjald: Skip sem eru undanþegin gjaldskyldu skv 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.	
g. Skipstjóri eða eigandi skips sem hefur fengið undanþágu frá Umhverfisstofun um skil á sorpi eða farmleyfum eða tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.	

16. gr.  
*Vogargjöld.*

Almenn vigtun	193 kr. á tonn
Vogargjald smábáta, lágmarksgjald	712 kr. pr. löndun
Flutningabílar og skoðun á bílavog	1.991 kr. á skipti
Lágmarksgjald, vöruvigtun	1.406 kr. hver einstök vigtun
Útkall við vigtun í yfirvinnu	4.668 kr.

17. gr.  
*Viðlegugjöld.*

Bátar undir 20 brt	7.687 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt	11.774 kr. á mánuði
Bátar undir 20 brt, fast legupláss	9.763 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt, fast legupláss	15.201 kr. á mánuði
Daggjald, bátar undir 20 brt	2.057 kr.
Daggjald, bátar yfir 20 brt	2.890 kr.
Skip yfir 80 brt	106,34 kr. á brt á mánuði
Uppsátursgjald	2.502 kr. á mánuði

18. gr.  
*Skráningargjald og önnur gjöld.*

Kranagjald, löndun með hafnarkrana	292 kr. á tonn
Úrtaksvigtunargjald fyrir löndun úr frystiskipum	144 kr. á tonn

**III. KAFLI**  
**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

19. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll erlend skip sem koma til hafnarinnar skulu hafa innlenden umboðsmann sem er þá einnig ábyrgur fyrir öllum lögboðnum gjöldum og kostnaði sem til fellur vegna þeirra. Skipstjóra er skyld að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður halðsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur halðsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

22. gr.

Á allt verð skv. verðskrá þessari, nema á farþegagjöld skv. 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

**IV. KAFLI**

**Gildistaka.**

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar á 181. fundi 13. október 2015, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2016.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1193/2014.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 10. desember 2015.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.